



Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

Reykjavík, 05. 06. 2024

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030. 1036. mál.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að tillit hafi verið tekið til margra þeirra athugasemda sem sambandið gerði við drög að tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 á fyrri stigum, sem sneru m.a. að skorti á umfjöllun um og aðgerðir sem snúa að starfsfólki ferðaþjónustunnar, starfsumhverfi þess, fræðslu og menntun. Jákvæðar breytingar hafa verið gerðar á stefnunni og aðgerðaráætluninni þar sem aukin áhersla er lögð á að efla og styrkja mannauð innan ferðaþjónustunnar, m.a. með eflingu náms í ferðaþjónustu þvert á skólastig og auknu aðgengi að námi. Einnig er nú lögð áhersla á samfélagslega ábyrgð fyrirtækja gagnvart starfsfólki og aðgerðir til að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi.

Miklu máli skiptir að fulltrúar launafólks í ferðaþjónustunni eigi sæti við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar um framþróun atvinnugreinarinnar, sem hefur eðli málsins samkvæmt áhrif á stöðu þeirra, kjör og lífsgæði. Það er því jákvætt að Alþýðusambandi Íslands hafi verið bætt við sem samstarfsaðila við ýmsar aðgerðir í aðgerðaráætluninni og standa væntingar sambandsins til þess að fyrirætlan stjórnvalda með því sé að aðgerðirnar taki mið af hagsmunum launafólks.

Alþýðusamband Ísland gerir þó athugasemdir við að enn sé ekki minnst á eflingu íslenskunáms og aðgengi að því fyrir starfsfólk ferðaþjónustunnar, sem er að stærstum hluta af erlendum uppruna. Sér í lagi í ljósi þess að mikil áhersla er lögð á íslenska menningu í aðgerðaráætluninni og talað er um að stuðla þurfi að því að íslenska heyrir og sjáist sem víðast. Ferðamálastefna og aðgerðaráætlun til 2030 gæti falið í sér tækifæri til þróunar á íslenskunámi og aðgengi að henni ef gert væri ráð fyrir rannsóknum á mismunandi aðferðum við innleiðingu íslenskukennslu á vinnutíma í litlum og meðalstórum fyrirtækjum í rannsóknarkaflanum. Gott aðgengi að íslenskunámi er grundvallarþáttur í að ýta undir og stuðla að inngildingu og því undirstrikar ASÍ mikilvægi þess að áhersla sé lögð á íslenskunám í aðgerðaráætluninni.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Lúður Alfa Ólafsdóttir



Alþýðusamband Íslands